

Langanesbyggð  
Fjarðarvegi 3  
680 Þórshöfn

Reykjavík, 23. september 2021  
UST202102-435/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar**

Þann 2. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem valdið geta mengun. Skráningar vegna t.l. 6-11 í gr. 4.1 voru ekki tiltækar við eftirlit.
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 22. gr. í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili skal skila eftirlitsaðila niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Við eftirlit höfðu fullnægjandi skráningar ekki borist til eftirlitsaðila.

Í eftirliti 2020 komu fram fjögur frávik. Staðfestar hafa verið úrbætur er varða frágang urðunarreina en þrjú frávik eru áfram opin er varða geymslu úrgangs, skráningar umhverfis- og rekstrarþátta og skil á þeim skráningum.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. október 2021.**

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Steinunn Karlsdóttir